

## Stjórnarfundur SÍM 21. ágúst 2024

Viðstödd: Anna Eyjólfss, Anna Rún -ritari, Pétur, Hlynur og Þóra.



### Dagskrá:

#### **Yfirlýsing frá Stjórn Sím vegna máls ODEE Odds Eysteins Friðrikssonar sem Samherji hefur nú stefnt fyrir hæstarétti í Englandi.**

- a. BEINSKEYTT GAGNRÝNI Á HEGÐUN SAMHERJA
- a. SÍM TEKUR AFDRÁTTALAUSA AFSTÖÐU MEÐ TJÁNINGARFRELSINU. OG HAFNAR ÞVÍ AÐ STÓR
- b. HAFNAR ÞVÍ AÐ STÓRFYRIRTÆKI GETI KÆFT GAGNRÝNI LISTNEMA

» Stjórn Sím ofbýður framferði Samherja sem hefur nú stefnt listnemanum Oddi Eysteini Friðrikssyni fyrir hæstarétt í Englandi fyrir útskriftarverk sitt frá Listháskóla Íslands vorið 2023.

Það er grafalvarlegt mál að fjársterk stórfyrirtæki sjái sig yfir gagnrýni hafið, og nýti yfirburða stöðu sína til að “skilgreina” tjáningarfrelsi listamanns með því að höfða mál gegn honum fyrir erlendum dómstólum þar sem viðkomandi getur illa varið sig.

Stjórn SÍM lýsir yfir skilyrðislausri og afdráttarlausri samstöðu með málfrelsi og tjáningarfrelsi listamanna.

Stjórnin hvetur Samherja til að láta af þessu máli nú þegar. Systursamtök SÍM í Bretlandi hafa verið látin vita af málinu og mun SÍM hvetja þau til að beita sér í þessu máli.»

Vonumst til þess að þess yfirlýsing finni stamstöðu í þessum stofnunum, Listaháskólans og Listasafns Reykjavíkur.

Fjárstuðningur til einstakra mála eða einstaklinga hefur aldrei verið samþykktur á stjórnarfundum SÍM, er ekki löglegur nema með því að breyta og fá samþykki á aðalfundum. og því ekki á dagskrá hér.

Hugmynd kom upp um að skipuleggja Málþing um tjáningarfrelsið.